Eftirfylgni haustskýrsluskila

Framkvæmd



Ábyrgð og framkvæmd

1. Umráðamenn búfjár skulu skrá rafrænt lögbundnar upplýsingar um búfé og fóður í gagnagrunninn Bústofn fyrir 20. nóvember hvert ár. MAST getur að hámarki framlengt frestinn til 12. desember. Að þeim tíma loknum hefja dýraeftirlitsmenn MAST skoðun á innheimtu gagna. Eftir að frestur til skráninga er útrunninn lokast fyrir skráningu annarra aðila en búfjáreftirlitsmanna MAST og starfsmanna Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML). Dýraeftirlitsmenn MAST sjá jafnframt um nýskráningar bænda í Bústofn.

2. Þeir aðilar sem ekki skila gögnum fyrir tilskilinn frest eða þurfa aðstoð við skráningu gagna geta leitað til RML sem tekur við upplýsingum og skráir í gagnagrunninn gegn gjaldi fyrir þá þjónustu. Skráning er opin RML til áramóta.

3. Þeir umráðamenn sem ekki skila inn gögnum rafrænt á tilsettum tíma skulu heimsóttir af dýraeftirlitsmönnum MAST og er gjald innheimt fyrir allar þær skýrslur sem skráðar eru í kerfið eftir að tímafrestur rennur út. Heimsóknir hefjast þó ekki fyrr en frestur RML til skráninga rennur einnig út, þ.e. um áramót. Búnaðarstofa MAST útbýr lista fyrir eftirlitsmenn yfir þau bú sem setja skal í forgang.

4. Ef ekki næst í umráðamann búfjár með heimsókn er dagsetning heimsóknar skráð á skýrslu og heimsókn tiltekin sem árangurslaus. Eftirfylgni er sinnt símleiðis og upplýsinga þannig aflað til skráningar í gagnagrunn. Sama gjald er innheimt fyrir slík tilvik.

5. Þann 1. mars ár hvert eru reikningar sendir út (sbr. VLY-012) til búfjáreigenda vegna gjaldskyldra skráninga að tímafresti liðnum (eftir 20. nóvember). Reikningar vegna skráninga sem berast eftir 1. mars eru sendir út 1. maí. Búnaðarstofa útbýr lista yfir bú til innheimtu og sendir eftirlitsmönnum til skoðunar áður en reikningar eru sendir út.